

Grænland.

(Frámh. frá 2. bla.)

gera öðrum þjóðum sem erfiðast að sigla að landinu. En þar við bætist, að af suðurodd Grænlands er ekkert almennilegt sjó-kort til, að því er Raavd segir. Landið er þannig hafnalaust, vitalaust, björgunarstöðvalaust og ómælt og óránsakað, og skagar eins og verst óvættur suður á sjó-leiðina. Þær þjóðir, sem um höf-in sigla, munu því gera Dönum tvo kosti, að gera landið svo úr garði, að það sé óskaðlegt sjófar-endum eða láta það af hendi. Og er auðsæð, hvorn kostinn Danir muni taka. — "Politiken" (stjór-narbl.) hefir og tilkynnt lesendum sínum, að nokkur af miljönumum, sem Danir fái fyrir Vesturheims-eyjarnar, eigi að verja til hafnar-gerðar og umbóta á Grænlandi — hvað sem satt er í þessu. Danir munu í öllu falli gjarnan vilja hafa hag af sjófarendum, sem sigla suður um Grænland. — Fyrir þess-um kröfum framtíðarinnar er grænlenzka einokunarverzlunin í sinni núverandi mynd, dauða-dæmd. Enginn mannlegur mátt-ur getur bjargað henni fremur en skugganum, sem eyðist fyrir hekkandi sól.

Siglingar til Hudsonsfloa eru þegar byrjaðar frá Marklandi og austurströnd Ameríku og hafa gefist vel. Landnámsmenn í Eystribygð munu ekki þurfa að kvíða brauðleysi, þegar hveiti-framléiðslunni úr Canada verður dyngt inn til þeirra. — Höfnin í Eystribygð verður hin eiginlega verzlunarborg hins vestræna Cana-da. Þangað munu leita íslenzk-ir kaupmenn úr Canada og frá Ís-landi. Íslenska verzlunarstétin mundi fá þarna byr undir væng-ina, því henni gæfist nú kostur á, að koma upp íslenzkri heimsverzl-um og efla veldi Íslands á höfu-um, því á þeim hvílir framtíð Ís-lands, og þar fá kynslóðir framtí-ðarinnar lífsskipulag sitt og fræðð. Landnámið á Grænlandi og verzlunarstöð þar mundi og verða band milli Austur- og Vest-ur-Íslendinga. Lífandi þjóðbrú heimabjörgar, sem tekið hefir sér bólfestu fyrir handan höfin og kert höfin sín. Og þegar gufu-skip Eimskipafélagsins hefja göng-ina um þessar slóðir yfir til Port Nelson — rétt við nýlendurnar í Canada — munu þau flytja ást-keðju milli þjóðarbrota og gleðiboð heim til gömlu Norður-landa, boð um, að gömul sár séu að gróa og ný Norðurlönd séu rímin úr sæi í vestrátt.

Ögð landnámið úti í heiminum mun setja nýtt mót á hina íslenzku þjóð. Höfin, sem hún dreyfist yfir, landflæmin, sem hún fær til umráða, íslensk skip, sem ganga milli íslenzkra landa, gefa andans kröftum hennar nýtt og margauk-ig flug. Það tengir Vestur-Íslend-inga við okkur með endurfædd-um vonum. Það þroskar okkur, svö, að við finnum til þess, öðru vísi og meira en nú, hvað það er að vera smáþjóð, finnum til þess, hve hörmulegt það er fyrir þjóð, að vera eins og það, sem hver lyst-hafandi getur keypt fyrirhafnar-laust. — Við finnum til þess, að þjóðin okkar er heimaborgari, sem þungar allsherjar skyldur, gagn-vart menningunni, hvíla á. Lausn-in á þessu er samband og eining Norðurlanda. Sameiningin veitir hverri einni og öllum Norðurlanda þjóð umfuenalegan kraft til að nálda uppi tilveru sinni úti í heiminum og svigrum til þróunar inn á við. Andlegt samband við frændþjóðirnar opnar okkur leið til að setja alnorrænan blæ, sem með okkur hefir geymt frá sam-eiginlegri fortíð, á norræna menn-ingu og frá henni lengra út í and-ans heim.

Þótt Íslendingar séu ekki nú nema 90 þús. heima, getur þjóðin samt losast við kotþjófbarbraginn. Landrýmið, vonin og vissan um mikla framtíð, setur stórbjörgar-

Halldór Tryggvi Johnson.



Ungur, efnilegur námsmaður láttinn.

Það er tilfinnanlegt skarðið, sem höggvið hefir verið í íslenska höpinn hér í landi á þessum síðustu árum. Af völdum stríðsins, spönsku veikinnar og öðrum dauðans öllum, hefir margt af ungu og efnilegu, atgervisfólki hniðið að velli, og er sá skáði eðmanlegur og stærstur fyrir mannfélagin.

Einn af þeim ungu mönnum er Halldór Tryggvi Johnson. Á blómasketið lífins hneig hann fyrir orlög fram, og það vonarsljós, er hann var búinn að kvækja, slöknaði og varð að engu. Hann var korn-ungur at-gervismaður, sem búinn var að yfirstiga feikilegar torfærur og vinna sigur, og framtíðin brosti við honum. Halldór Tryggvi Johnson var fæddur 19. mars 1896 á Tyrðilmýri á Sméjallaströnd við Ísafjarðardjúp. Foreldrar hans eru: Kristján Jónsson og kona hans Guðrún Elfríksdóttir, nú búandi á Bæjum í sömu sveit. Hann hafði strax í barnsku víðsýni andans miklið og hinar þröngu sveitir norður undir heimskautsbáugnum veittu honum ekki nóg andrúmslöt, og hann "þráði víðari geim", og árið 1910, 15. júní, "kvaddi og þabba á bryggjunni á Ísafirði, og þann 20. s. m. sá og Ísland síga í sjó fyrir hið hinasta sinn", segir hann sjálfur í litlu mti-ágrípi, sem eftir hann liggur. Forðinn var heitið til Vesturheims. Einn síns lífs, 14 ára gamall, kom hann til þessa lands, félaus og fákunnandi. Hafði hann fengið tilsið á Íslandi um tveggja mánaða tíma og náði lítilli undirstöðu mentunar í reikningi, skrift og landafræði o. fl. Þegar hér til lands kom, settist hann að í Glenboro í Manitoba og innritaðist um haustið í barnaskólann þar og fór þann vetur í gegn um fjóra bekkir skólans. Næsta sumar vann hann hjá bændum, en í nóvember um haustið fór hann aftur að stunda námið, settist þá í 7. bekk og var næstur þeim hæsta við prófin um vor. Næsta sumar vann hann, en nam jafnframt gufuvélafræði og gekk undir próf í Regina og fékk skilríkti fyrir að stjórna gufukötum með 40 hesta afli. Útskrifaðist hann svo úr 8. bekk um vor, vann um sumarið, sem fyrir, innritaðist í 9. bekk um haustið, fór að vinna sex vikum fyrir páska, kom til baka tveim vikum fyrir próf, las af mestu ástundun og fór í gegn með lofsverðum vitleisubúði. Næsta ár útskrifaðist hann úr 11. bekk, en fór þó ekki í skólann fyrir en eftir nýr. Eftir það stundaði hann nám við "Normal" skóla í sex vikur, tók að því loknu kennara-próf og fór strax að kenna; kændi svo næstum uppi-haldslaut þar til í síðasti. desember. — Hann hafði kent innvortis meinsendur um langan tíma, fór til Winnipeg stuttu fyrir jól og gekk undir uppkúr við magasári, sem hepnast vel. En hann fékk lungna-bólgu fáum dögum seinna á spítalanum og dó 28. desember 1918.

Sá látni var lítill maður vexti og ekki hraustur til heilsu, en hann var fjölmhæfur atgervismaður og fram-sóknarþráin brennandi; hann var þyrifvæl ríflar og afburða dráttistarmáður—efni í sannan listamann — og hlaut hann verðlaun oftast en einu sinni bæði fyrir ritgerðir og dráttlist. Hann var nokkuð skaptór og

brag á hugsunarhátt landsmanna, heildarinnar, og hinna einstöku. Að við erum ekki enn meiri kot-þjóð, Íslendingar, en að við jafn-vel dirfumst að kalla okkur og vera þjóð, er því að þakka, hve landið okkar er stórt, en ekki höfðatölu landsmanna né mann-kostum, því við erum úrkynjuð þjóð, svo úrkynjuð, að sortinn og smæðin þykja þrýði á mönnum. En hugmyndir um okkur höfum við sniðið eftir landinu, og það réttist úr kryppunni á hálfkyrktum Íslendingnum. Þegar hann ber landið sitt saman við Danmörku, og sér, að það er þrisvar sinnum stærra. Því meira land, sem þjóðin fær sem starfsvið, því stærri hugmyndir gerir hún sér um framtíð sína. Og þessa framtíð-armynd færir hún að meira eða minna leyti yfir á sjálfa sig í nútíð. Og þetta er réttmætt, því okkur ber stöðugt móti framtíðinni og nútíðin verður fortíð. Og um heimurinn dæmir ekki eftir því, sem var, heldur eftir því, sem blasir fram undan.

Það var hörmungarsaga hvern-ig Grænland og Vinland týndust. En svo leit út sem það birti yfir framtíð Norðurlanda á ný. Ame-rika var endurfundin, ef til vill eft-ir íslenzkri leiðsögn. Það leið að visu öld, en þá eignuðumst vér konung með konungshug, sem vildi gera ríki sitt þátttakandi í landnámi úti í heiminum. Hann

fastur í land, en fór vel með skapsmuni sína; var tilbúinn og gætinn og átti í hjarta sínu hjartan trúar-neista, sem hann lagði rækt við; og hann var óspiltur, því hann sló sér ekki út í söll. Eg get ekki dregið upp sanna mynd af Tryggva heitnum, víðsýni hans, hrein-leik og glöggum skilningi. Það getur enginn eins vel og hann sjálfur gjörir í stuttum kafla úr ágrípi af mti-sögu hans, er eftir hann liggur. Hann segir: "Eg man altaf, mun muna eins lengi og eg lifi, er eg einn morgun lá vakandi í rúmi mínu og eg það mömmu mína að rétta mér gömlu "Alþýðubókina". Hugsunarlaust fór eg að lesa í henni; það fyrsta, sem eg las, var um New-ton, þegar hann sat í aldingaröðum og eftir að heyr-a aldrei falla til jarðar fann út, að allar plánetur og stjörnur koma undir áhrif náttúrufla, sem er kallað aðdráttarafl. Þetta kom inn hjá mér undrun og for-vitni. Eg las meira og meira í þeirri bók, og það litla, sem eg er nú, og hvað annað, sem guði þóknað að lofa minum litlu kröftum að framkvæma, tel eg til baka til þessrar stundar. Eg get ekki minnara sagt, en að löngun mín til að læra og reyna að verða nýtur maður, byrjaði þar."

Svona viðtæk áhrif hafði hinn frægi náttúru, stjörnu- og stærðfræðingur Newton á Tryggva sál, og lýsir það best, hvað í hann var spunnið. Eftir þeir séu ekki færri, unglingarnir innan við fermingu, með svona skarpan skilning, djúpan hugsunarhátt og fagran á-setning? Eftir þeir séu ekki færri, þótt komir séu til fullorðinsára, sem þekkja Newton og hans merkielegu uppgötvun? Og ekki gleymir hann að gefa guði dýrð-lina fyrir það, sem hann er eða kann að verða; er þó ofmetnaður námsmanna á einna hæstu stigi einmitt á því aldursáskelli, er Tryggvi sál, skrifaði þetta.

Um fyrstu skólagöngu sína hér farast honum orð á þessa leið: "Þann 10. október 1910 byrjaði og skólanám mitt. Til að byrja með var eg settur í fyrsta bekk í alþýðuskólann. Kennari minn var ung ensk stúlka. Hún lagði mikla rækt við að kenna mér enskuna. Reikning og skrift kunnar og talsvert í, eins og gjörist um 14 ára gamla drengi á Íslandi. Eftir að hafa verið þrjá mánuði í fyrsta bekk, var eg færður upp í fjórða bekk skólans. Um vorid fékk eg 100% í þremur grein-um, nefnileik reikningi, landafræði og lestri. Kennari minn sagði mér, að enginn mætti fá slíkan vitleisubúð í lestri, en vagna þess að framfær min hefði verið svo góð, þá létu hún mig samt hafa hann." Hér er sagt hik-laust og rétt frá; hann var frámunalega skarpar við námið og vann sér besta orð fyrir þróðmensku og góða hegðan.

Þess má geta, að húsfúri Stefánía Sigurðsson í Glen-boro, sem þekti Tryggva sál, á Íslandi í barndómi og með glöggum auga sá, að í honum bjó meira en meðal-maður, bauð honum að koma vestur, er ske kynni að hann frekar gæti náð að ganga mentavegin hér. Var hann strax fús að yfirgefa fösturjörðina, foreldra- og heimili til þess að leita gæfunnar, og lýsti það fá-heyrdum dagnaði, kjarki og árði hjá 14 ára unglingi. Var hann til heimilis hjá þessari húsfúri Stefáníu fyrst framman af þá tíma, er hann gekk á skóla, og nauf líð-sinnis hennar, styrks og góðra ráða; átti hún nokkurn þátt í því að hjálpa honum til að klífa þritugan ham-rinn á mentabreitunni, þótt peningar væru litlir hon-um til aðstoðar.

Trygvi sál var ráðvandur og áreiðanlegur til orða og athafna og hagsýnn og ráðdeildarsamur. Hann vann fyrir sér með atorku í gegn um skóla og lagði miklið á sig; og hann kveður heiminn skuldlaus við alla og skilur fátækri móður eftir álitilega fjárupphæð, sem áðallega er lífsábyrgðarfé. Stungur það í stáf við við hugsunarhátt fjöðans af ungum mönnum, sem ekki hugsa um annað en hafa góða dag, en eyða jafnarh-ann því sem þeir komast yfir, hugsandi lítið um fram-tíðina. Þegar rétt er skoðað, er valasamt hvort margir afbragðsmenn, sem komist hafa hátt í heiminum, hafa átt merkilegru sögu jafnangir og Tryggvi var, eða 22 ára, ekki síst þegar tillit er tekið til kringumstæða. — Eftirfyllt hans mætti vel vera öðrum ungum mönnum til eftirbreytni. Það má óhætt fullyrða, að hann var meira en meðalmaður, og hefði hann fengið að lífa, eru allar líkur til að hann hefði kvælt ljós, sem orðið hefði viltum vegfarendum leiðarvísir í heiminum.

G. J. OLESON.

Imperial Bank of Canada

STOFNSETTUR 1875. — ADALSKRIFST.: TORONTO, ONT.

Héfuðstóll uppborgaður: \$7,000,000. Varasjóður: \$7,500,000. Allar eignir: \$108,000,000.

132 Stíðir í Dominion of Canada. Spartaðstöðir í hverje Stíðir, og með byrja Spartaðstöðir með því að leggja inn \$1.00 eða meira. Yextir eru borgaðir af peningum yðar frá lanleggs-degi. Óskast eftir viðskift-um yðar. Annegjeng viðskifti ugglans og ábyrgs.

Útibú Bankans að Gimli og Riverton, Manitoba.

LAND TIL SÖLU

Fimm hundruð (500) ekrur af landi, 4 mílur vestur af Arborg, fást keyptar með rýmilegum skilmálum. Landið er alt inngirt með vir. Iveruhús og gripahús eru á landinu; 40 ekrur plægðar. Land þetta er mjög vel fallið til griparéktar — eða "mixed farming". Það liggur að Íslendingalfjóti. Skólahús er á álandinu og pósthús kvart-mílu frá. Söluverði er \$15.00 ekran. Afsláttur gefinn afturkomnum hermönnum.

Skrifið eða finnið

L. J. HALLGRIMSSON,

Phone: Sher. 3949

548 Agnes Street,
Winnipeg, Man.

BORDVIÐUR SASH, DOORS AND MOULDINGS.

Við höfum fullkomnar birgðir af öllum tegundum Verðskrá verður send hverjum þeim er þess óskar

THE EMPIRE SASH & DOOR CO., LTD.
Henry Ave. East, Winnipeg, Man., Telephone: Main 2511

inga, en sérstaklega vegna þess, að Danir styðja okkur í þessu starfi; — sú höndin, sem áður reif niður, hjálpar nú til að byggja upp.

DRAUMURINN.

Of Garðarshólma grúfðu ský, og grátlegt var það rökkur, sem þjóðin lifði áður í; þess andinn minnst klökkur!

Öll þjóðin svaf. Hún heyrði ei hót af heimsins þys og glaumi, en, bundin eigin bóls við rót, hún bylti sér — í draumi!

Hvort dreymdi? ana illa? Ójá, títt, en engir snillingspennar né orð fá lýst, hve bros var blítt í beztu draumnum hennar!

Ef fyrir kom, að blundi! hún brá, en byrjaði á ný að syfja, hún hélt sér uppi einatt þá við upp þann draum að rifja!

En framtíð nú við blasir björt; batnar þjóðarhagur. Nú er líðin nóttin svört; nú er kominn dagur.

The Dominion Bank

HORN NOTRE DAME AVE. OG SHERBOURNE ST.

Héfuðstóll upp. \$ 6,000,000
Varasjóður \$ 7,000,000
Allar eignir \$75,000,000

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunarmanna og ábyrgjumst að góða þeim fullnægju. Spartaðstöðir vor er nú stærsta, sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skilfa við stofnun, sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vor er full tryggð fyrir sjálfa yður, konur yðar og börn.

W. M. HAMILTON, Ráðsmaður
PHONE GARRY 3456

Þjóðin opna Eden sér í orku sinnar lindum. Öðum máttur myrka þver; morgun hlær á tindum! Nú—þegar öll sú ánaud dvín, er ástæða til að kætast, því dýrdlegur Fróni dagur skín, — draumurinn er að rættast! G. Ó. Fells.
— Ísafold.

FIRST SERIES
CANADA WAR SAVINGS CERTIFICATE
COST DURING 1919
JAN. \$4.00
FEB. \$4.01
MAR. \$4.02
APR. \$4.03
MAY \$4.04
JUNE \$4.05
JULY \$4.06
AUG. \$4.07
SEPT. \$4.08
OCT. \$4.09
NOV. \$4.10
DEC. \$4.11

WHEN AFFIXED TO A WAR SAVINGS CERTIFICATE AND SUBJECT TO THE CONDITIONS PRINTED THEREON
5 FIVE DOLLARS 5

Buy W-S Where You See This Sign

Athugið vel.

Veitið því athygli, hvernig kaup-verð og peningaverð þessara sparimerkja hækka á mánuði hverjum, þangað til fyrsta dag janúar 1924, að Canada stjórnin greiðir \$5 fyrir hvern—W.-S.

ACTUAL SIZE OF

W-S